

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Reykjavellir, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. júlí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að 13 ha svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði í landi Reykjavalla breytist í svæði fyrir frístundabyggð og stækkar núverandi frístundahúsabyggð sem því nemur til norðvesturs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 3. júlí 2006.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 18. júlí 2006